

## Sýningar

### Ásmundarsafn

Þar stendur yfir samsýning á verkum Ásmundar Sveinssonar (1893-1982) og Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals (1885-1972) undir yfirskriftinni „Náttúra/náttúra“. Sýningin stendur til 14. maí og er opin daglega kl. 13-16.

### Café Milanó

#### Faxafeni 11

Garðar Jökullsson sýnir 15 olíu- og vatnslitamyndir af íslensku landslagi. Sýningin stendur fram í miðjan maí og er opin kl. 9-19 mánudaga, kl. 9-23.30 þriðjud., miðvikud. og fimmtud., kl. 9-1 föstud. og laugard. og kl. 9-23 sunnud.

### Galleri Art-Hún

#### Stangarhyl 7, Rvík

Þar stendur yfir sýning á verkum Erlu Axelsdóttur, Helgu Ármannsdóttur, Elínborgar Guðmundsdóttur, Sigrúnar Gunnarsdóttur og Margrétar Salome. Gallerið er opið alla virka daga kl. 12-18.

### Galleri Fold

#### Laugavegi 118d

Þar stendur yfir sýning á olíumálverkum Sossu, Margrétar Soffiu Björnsdóttur. Þá stendur einnig yfir kynning á verkum Grétu Þórsdóttur í kynningarhorni Foldar. Sýning Sossu og kynning Grétu standa til 14. maí. Opið er alla daga kl. 10-18 nema sunnudaga kl. 14-18.

### Galleri Greip

#### Hverfisgötu 82

Þar stendur yfir sýning Sigríðar Sigurjónsdóttur sem ber yfirskriftina „Aðrir kostir“ og er sýning á húsgögnum. Sýningin stendur til 21. maí og er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18.

### Galleri Guðmundar

#### Ananaustum 15, sími 21425

Gallerið er opið virka daga kl. 10-18.

### Galleri List

#### Skipholti 50b

Gallerið er opið alla daga kl. 11-18 nema laugardaga kl. 11-14. Sýningar í gluggum á hverju kvöldi.

### Galleri Regnbogans

Þar stendur yfir sýning á verkum Tryggva Ólafssonar. Galleri Regnbogans er ávallt opið þegar kvikmyndasýningar standa yfir.

### Galleri Sólon Íslandus

#### Bankastræti

Á morgun kl. 16 opnar Harpa Björnsdóttir sýningu á olíumálverkum og verkum unnum með blandaðri tækni. Sýningin stendur til 30. maí.

### Galleri Sævars Karls

#### Bankastræti 9

Victor Guðmundur Cilia opnar myndlistarsýningu í dag.

### Galleri Úmbra

#### Amtmannsstíg 1, Rvík

Elisabet Haraldsdóttir sýnir skálar sem unnar eru í postulín og steinleir, sem myndaðist í jarðlögum löngu áður en Ísland reis úr hafi. Sýningin er opin þriðjudaga til laugardaga kl. 13-18 og sunnudaga kl. 14-18. Sýningunni lýkur 31. maí.

### Hafnarborg

Á morgun kl. 14 opnar Harpa Björnsdóttir sýningu á olíumálverkum í Sverrissal. Þetta er tölfta einkasýning Hörpu og stendur hún til 28. maí. Þá verður einnig opnuð málverkasýning Kjartans Guðjónssonar sem stendur til 29. maí. Hún verður opin alla daga utan þriðjudaga kl. 12-18.

### Kjarvalsstaðir

Á morgun verða opnaðar þrjár myndlistarsýningar. Yfirlitssýning í vestursal á vatnslitamyndum eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal. Sýningu á teiknimyndasögum eftir Bjarna Hinriksson í vesturforsal og sýningu á nýjum verkum eftir Kristján Steingrím Jónsson. Sýningar verða opnar daglega kl. 10-18 og er kaffitería Kjarvalsstaða opin á sama tíma.

### Listasafn Einars Jónssonar

#### Njarðargötu, sími 13797

Safnið er opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30-16. Höggmyndagarðurinn er opin alla daga. Inngangur er frá Freyjugötu.

### Listasafn Íslands

Á efri hæð Listasafns Íslands stendur yfir sýningin Náttúrustemningar Ninu Tryggvadóttur 1957-1967. Sýningin hefur verið framlengd um viku og stendur til 14. maí og er opin daglega.

### Listasafn Kópavogs

Leifur Breiðfjörð sýnir verk sín í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Leifur hefur valið verk frá síðustu 15 árum og nefnir hann sýninguna Yfirsýn.

### Listasafn Sigurjóns

#### Ólafssonar

#### Laugarnestanga

Sýning á völdum andlitsmyndum eftir Sigurjón Ólafsson, „Þessi kollótu steinar“. Verðlaunamyndband með sama heiti einnig til sýnis. Fram til 1. júní er safnið opið laugardaga og sunnudaga kl. 14-17.



Sýningin á verkum Bjarna Hinrikssonar og Kristjáns Steingríms Jónssonar byrjar á morgun.

Þrjár sýningar á Kjarvalsstöðum:

# Teiknimyndir og iðnaðarteikningar


Þrjár sýningar verða opnaðar formlega á Kjarvalsstöðum á morgun. Í vestursal er yfirlitssýning á vatnslitamyndum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal í tilefni af aldarminningu listamannsins og í vesturforsal eru teiknimyndasögur Bjarna Hinrikssonar og ný verk eftir Kristján Steingrím Jónsson.

Vatnslitamyndir Guðmundar frá Miðdal eru afmarkaður kafli á löngum og fjölbættum listferli hans. Hann fékkst við vatnsliti í æsku, lagði þá síðan til hliðar í áratugi en tók upp þráðinn að nýju um 1950.

Á sýningu Bjarna gefur að líta frummyndir af nýjum teiknimyndasögum en hann hefur um nokkurt

skeið verið einn af leiðandi listamönnum í þessari listgrein.

Myndverk Kristjáns Steingríms eru sett saman úr iðnaðarteikningum og stærðfræðilegum táknum. Þau bera með sér skýrar vísindalegar tilvísanir handan við myndrammanna en miðla okkur um leið ljóðrænni náttúrusýn.



## Akrýlmyndir á striga

Jóhann Torfason opnar á morgun sýningu á verkum sínum í sýningar-salnum Við Hamarinn. Á sýningunni

í Hafnarfirði eru 27 listaverk, einkum akrýlmyndir á striga en einnig grafík og skúlptúrar.

## Blönduð tækni í Listhúsi 39

Eva Benjamínsdóttir opnar myndlistarsýningu í Listhúsi 39 í Hafnarfirði á morgun og ber hún yfirskriftina „Flæði & Fræhus“. Þetta er þriðja einkasýning hennar en í Listhúsi 39, sem er á Strandgötu 39, sýnir Eva 27 lítil verk, unnin á þessu ári með

blandaðri tækni, akrýl og olíu. Auk einkasýninga hefur listamaðurinn tekið þátt í sjö samsýningum hér heima, í Frakklandi og Bandaríkjunum. Sýning Evu stendur til 28. maí.

## Harpa á tveimur stöðum

Harpa Björnsdóttir opnar sína tölftu einkasýningu í Sverrissal í Hafnarborg á morgun. Myndir hennar eru í hinum ýmsu litbrigðum af rauðu og eru samsettar úr fleiri ein-

ingum. Sama dag opnar Harpa einnig sýningu á Sóluni Íslandusi. Þar sýnir hún olíumálverk og verk unnin með blandaðri tækni.

Pólitík í Mokka-kaffi:

## Norrænir skopmyndateiknarar

Grannagys, samsýning fimm norræna skopteiknara, stendur nú yfir í Mokka-kaffi við Skólavörðustíg.

Hér er um norrænar pólitískar skopteikningar að ræða en listamennirnir sem sýna eru Sigmund

Jóhannsson frá Íslandi, Kari Suomalainen frá Finnlandi, Klaus Albrechtsen frá Danmörku, Finn Graff frá Noregi og Ewert Gustaf Adolf Karlsson (EWK) frá Svíþjóð.

## Skálar Elísabetar

Elisabet Haraldsdóttir hefur opnað sýningu á skálum í Galleri Úmbra. Skálarnar eru unnar í postulín og steinleir.

## Þrír í Nýlistasafninu

Þrjár myndlistarsýningar verða opnaðar í Nýlistasafninu á morgun. Þór Vigfússon sýnir í neðri söllum og Anna Eyjólfsdóttir í efri söllum og porti. Jóhann Valdimarsson er gestur í setustofu safnsins.

## Victor hjá Sævari

Victor Guðmundur Cilia opnar í dag myndlistarsýningu í Galleri Sævars Karls. Á sýningunni eru þrjú málverk, unnin með olíu á striga.

## Önnur hæð

Listamennirnir Jan Voss, Henriette van Egten, Andrea Toppel og Tomas Schmit sýna nú verk sín á Annarri hæð að Laugavegi 37. Öll fást þau við teikningar, skriftir og einhvers konar samruna þessara greina.

## Kjartan í Hafnarborg

Kjartan Guðjónsson opnar málverkasýningu í Hafnarborg á morgun og þá stendur yfir kynning á verkum listamannsins í Galleri Fold við Rauðarárstíg.

## Sýningar

### Listhús 39,

#### Strandgötu 39, Hafnarfirði

Myndlistarsýning Evu Benjamínsdóttur, sem ber heitið Flæði & Fræhus, verður opnuð á morgun kl. 14. Sýningin stendur til 28. maí og er opin virka daga kl. 10-18, laugardaga kl. 12-18 og sunnudaga kl. 14-18.

### Listhúsið í Laugardal

#### Engjateigi 17, sími 680430

Þar stendur yfir myndlistarsýning á verkum eftir Sjöfn Har. Sýningin ber yfirskriftina „Íslensk náttúra, íslenskt landslag“. Sýningin er opin virka daga kl. 13-18 og laugardaga kl. 11-16. Þá sýnir Guðrún E. Ólafsdóttir málverk. Á sýningunni eru um 30 olíumyndir. Sýningin stendur til 21. maí og er opin mánudaga til laugardaga kl. 13-18 og sunnudaga kl. 14-18.

### Mokka kaffi

#### Skólavörðustíg

Þar stendur yfir samsýning 5 norræna skopteiknara. Sýningin stendur til 29. maí.

### Nesstofusafn

#### Neströð, Seljarnarnesi

Safnið opið samkvæmt samkomulagi. Upplýsingar í síma 611016.

### Norræna húsið

Sigrún Eldjárn sýnir olíumálverk. Þetta eru um það bil 30 verk, máluð á síðustu þremur árum. Sýningin stendur til 14. maí og er opin daglega kl. 14-19. Í anddyri hússins stendur yfir sýning á grafíkverkum eftir sænsku listakonuna Hjördis Johansson-Becker. Sýninguna kallar hún í biðsal, í væntans rum. Sýningin er opin alla daga kl. 9-19 nema sunnudaga kl. 12-19.

### Nýlistasafnið

#### Vatnssstíg 3b,

Á morgun kl. 16 verða opnaðar þrjár myndlistarsýningar í Nýlistasafninu. Þór Vigfússon sýnir málverk í neðri söllum safnsins og Anna Eyjólfsdóttir sýnir umhverfisverk í efri söllum og porti. Sýning Önnu ber heitið Hringrás. Gestur í setustofu safnsins er Jóhann Valdimarsson. Safnið er opið daglega kl. 14-18 og lýkur sýningunum 28. maí.

### Póst- og símaninjasafnið

#### Austurgötu 11, Hafnarí, sími 54321

Opið sunnud. og þriðjud. kl. 15-18.

### Safn Ásgríms Jónssonar

#### Bergstaðastræti 74

Sýning á vatnslitamyndum Ásgríms Jónssonar. Sýningin stendur til 7. maí og er opin laugardaga og sunnudaga frá kl. 13.30-16.

### Snegla

#### Listhús við Klapparstíg

Þar stendur yfir sýning á handgerðum leivvösum. Að sýningunni standa sex af fimmtán listakonum Sneglu. Sýningin stendur til 13. maí og er opin mánudaga til föstudaga kl. 12-18 og laugardaga kl. 10-14.

### Guðbjörg Lind Jónsdóttir

#### sýnir í vinnustofu sinni

Guðbjörg Lind Jónsdóttir sýnir málverk á vinnustofu sinni að Suðurlandsbraut 26. Opið kl. 14-16 virka daga nema mánudaga og frá kl. 14-18 um helgar. Sýningunni lýkur 21. maí.

### Þóra Sigþórsdóttir sýnir

#### hjá Jens

Þóra Sigurþórsdóttir leirlistarkona sýnir í verslun Jens Guðjónssonar gullsmíðs að Skólavörðustíg 20, Reykjavík. Sýningin er opin á verslunartíma til 28. maí.

### Við Hamarinn

#### Strandgötu 50, Hafnarfirði

Á morgun opnar Jóhann Torfason list-sýningu í sýningar-salnum Við Hamarinn. Á sýningunni verða 27 listaverk, einkum akrýlmyndir á striga en einnig grafík og skúlptúrar. Sýningin stendur til 28. maí.

### Önnur hæð

#### Laugavegi 37

Opnuð hefur verið sýning á verkum Jan Voss, Henriette van Egten, Andrea Toppel og Tomas Schmit. Til sýnis eru teikningar, munir og bækur gerðar af listamönnum. Sýningin stendur til loka júní og er opin á miðvikudögum kl. 14-18.

### Listasafn Akureyrar

Þar standa yfir tvær sýningar. Sýning norskur veflistakonunnar Else Marie Jakobsen og sýning á 7 silkiprykkjum eftir Bandaríkjamanninn Peter Halley.

### Slunkaríki

#### Ísafirði

Ljósmyndasýningin „Við minnumst þeirra“ stendur yfir í Slunkaríki. Sýningin er til minningar um þá 27 Íslendinga sem látist hafa úr alnæmi. Hún samanstendur af 27 táknrænum myndum eftir Sólrúnu Jónsdóttur ljósmyndara.

### Málverkasýning í Nesbúð

Gunnar Guðjónsson sýnir málverk í Nesbúð, Nesjavöllum. Helstu viðfangs-efni hans eru landslags- og sjávarmyndir. Flestar myndirnar eru unnar með olíulitum á striga.